

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 11. júlí 2024
UST202405-321/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Háifoss og Granni - Áningastaður ferðamanna - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 30. maí þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Háafoss og Granna, áningarstað ferðamanna.

Í erindinu kemur fram að lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til áningarstaðar við Háafoss, innst í Þjórsárdal, á Gnúpverjafrétti. Háifoss og Granni eru á náttúruminjaskrá sem friðlýst náttúruvætti. Stærð skipulagssvæðisins er um 23,5 hektarar. Markmið með gerð deiliskipulags er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins og setja skilmála um framtíðaruppbyggingu á innviðum s.s. bílastæða, göngustíga, útsýnissvæða og byggingarreits fyrir þjónustuhús.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur